



Alþingi 27.3.2015

Málsnr.: 1409 034  
Málalykill: 0343

26. mars 2015  
Tilv.: 1409169

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
([gauturs@althingi.is](mailto:gauturs@althingi.is))  
150 Reykjavík

*Efni:* Svar við fyrirspurn efnahags- og viðskiptanefndar vegna 4. máls á 144. löggjafarþingi – frumvarp til laga um breyting á lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir nr. 46/2005

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar frá 5. mars sl. þar sem óskað var eftir álit Seðlabankans á því hvort að nýting undanþágu skv. d-lið 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/44/EB um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir o.fl. myndi leiða til þrengingar á núverandi möguleikum fjármálastofnana til að eiga viðskipti sín á milli með skuldatryggingar.

Í samskiptum við ritara nefndarinnar kom í ljós að í fyrirspurninni var misritað orðið *skuldatryggingar*. Hið rétta er að fyrirspurn nefndarinnar beinist að því hvort fyrirhuguð nýting undanþágunnar muni leiða til þrengingar á möguleikum til að eiga viðskipti með *skuldakröfur*.

Nánar tiltekið er átt við að undanskilja skuldakröfur sem fjárhagslegar tryggingar ef skuldari er neytandi, örfyrirtæki eða lítið fyrirtæki.


Með frumvarpi því sem nú liggur frammi sbr. þskj. 4, 4. mál er lagt til að skuldakröfur geti verið tækar tryggingar skv. lögum nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í núgildandi lögum eru eingöngu fjármálagerningar og reiðufé sem geta verið andlag fjárhagslegrar tryggingar sbr. 2. mgr. 3. gr. Er því ekki unnt að álykta á annan veg en að með frumvarpinu sé verið að fjölga tækum tryggingum líkt og kemur fram í athugasemdum þess.


Samkvæmt c-lið 2. gr. tilvitnaðs frumvarps er skuldakrafa skilgreind sem fjárhagsleg krafa sem hefur orðið til á grundvelli samnings þegar lánastofnun veitir fyrirgreiðslu í formi láns. Vakin er athygli á því að hér er væntanlega eingöngu um lánasamninga að ræða sem uppfylla ekki það skilyrði að vera fjármálagerningur en flestir lánasamningar sem gerðir eru við neytendur t.d. vegna neytendalána eða fasteignalána eru í formi skuldabréfa og falla því undir það að vera fjármálagerningur sbr. a-lið 2. gr. fyrirbyggjandi frumvarps.

Áhrif þess að undanskilja skuldakröfur á neytendur, örfyrirtæki og smáfyrirtæki eru því hverfandi hvað varðar tækar fjárhagslegar tryggingaráðstafanir.

Þá er vakin athygli á því að undantekningin myndi eingöngu hafa áhrif á hvaða gerningar eru tækir sem fjárhagsleg tryggingaráðstöfun og njóta þar af leiðandi þeirrar verndar sem lög nr. 46/2005 kveða á um. Fjármálastofnanir gætu áfram haft viðskipti með allar skuldakröfur sín á milli á grundvelli meginreglna samninga- og kröfuréttar, t.d. með því að veðsetja þær og með framsali.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur